

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/2112****2021/EES/5/02****frá 16. desember 2020**

um breytingu á viðaukunum við ákvarðanir 93/455/EBE, 1999/246/EB og 2007/24/EB að því er varðar samþykki fyrir viðbragðsáætlunum Breska konungsríkisins, að því er varðar Norður-Írland, um varnir gegn gin- og klaufaveiki, svínapest, fuglainflúensu og Newcastle-veiki

(tilkynnt með númeri C(2020) 9307) ()*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/66/EBE frá 14. júlí 1992 um ráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með Newcastle-veiki (1), einkum 3. mgr. 21. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2001/89/EB frá 23. október 2001 um ráðstafanir Bandalagsins til að hafa eftirlit með svínapest (2), einkum 3. mgr. 22. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2003/85/EB frá 29. september 2003 um ráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með gin- og klaufaveiki, um niðurfellingu á tilskipun 85/511/EBE og ákvörðunum 89/531/EBE og 91/665/EBE og um breytingu á tilskipun 92/46/EBE (3), einkum 7. mgr. 72. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2005/94/EB frá 20. desember 2005 um ráðstafanir Bandalagsins um varnir gegn fuglainflúensu og niðurfellingu tilskipunar 92/40/EBE (4), einkum 4. mgr. 62. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/455/EBE (5) voru samþykktar viðbragðsáætlanir um varnir gegn gin- og klaufaveiki í þeim aðildarríkjum sem eru talin upp í viðaukanum við hana.
- 2) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/246/EB (6) voru samþykktar viðbragðsáætlanir um varnir gegn svínapest í þeim aðildarríkjum sem eru talin upp í viðaukanum við hana.
- 3) Í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/24/EB (7) er skrá yfir aðildarríki sem hafa fengið viðbragðsáætlanir sínar um varnir gegn fuglainflúensu og Newcastle-veiki samþykktar.
- 4) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópu-sambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu („útgöngusamningurinn“), einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, gilda tilskipanir 92/66/EBE, 2001/89/EB, 2003/85/EB og 2005/94/EB, sem og gerðir framkvæmdastjórnarinnar sem byggjast á þeim, um og í Breska konungsríkinu að því er varðar Norður-Írland eftir lok aðlögunartímabilsins sem kveðið er á um í útgöngusamningnum. Af þessum sökum ættu vísanir í Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland að koma í stað vísana til Breska konungsríkisins í viðaukunum við ákvarðanir 93/455/EBE, 1999/246/EB og 2007/24/EB.
- 5) Því ætti að breyta viðaukunum við ákvarðanir 93/455/EBE, 1999/246/EB og 2007/24/EB til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2020, ESB L 427, 17.12.2020, bls. 17. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2020 frá 30. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 1992, ESB L 260, 5.9.1992, bls. 1.

(2) Stj. 2001, ESB L 316, 1.12.2001, bls. 5.

(3) Stj. 2003, ESB L 306, 22.11.2003, bls. 1.

(4) Stj. 2006, ESB L 10, 14.1.2006, bls. 16.

(5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/455/EBE frá 23. júlí 1993 um viðurkenningu á tilteknum viðbúnaðaráætlunum vegna eftirlits með gin- og klaufaveiki (Stj. 1993, ESB L 213, 24.8.1993, bls. 20)

(6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/246/EB frá 30. mars 1999 um viðurkenningu á tilteknum viðbúnaðaráætlunum vegna eftirlits með svínapest (Stj. 1999, ESB L 93, 8.4.1999, bls. 24).

(7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 22. desember 2006 um samþykkt viðbragðsáætlananna um varnir gegn fuglainflúensu og Newcastle-veiki (Stj. 2007, ESB L 8, 13.1.2007, bls. 26).

- 6) Þar eð aðlögunartímabilinu, sem kveðið er á um í útgöngusamningnum, lýkur 31. desember 2020 ætti þessi ákvörðun að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 93/455/EBE kemur I. viðauki við þessa ákvörðun.

2. gr.

Í stað færslunnar fyrir Breska konungsríkið í skránni í viðaukanum við ákvörðun 1999/246/EB kemur eftirfarandi:

„Breska konungsríkið (Norður-Írland) (*)

(*) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópu-sambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er þennan viðauka varðar, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.“

3. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 2007/24/EB kemur II. viðauki við þessa ákvörðun.

4. gr.

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. desember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stella KYRIAKIDES

framkvæmdastjóri.

*I. VIÐAUKI**„VIÐAUKI*

Viðbragðsáætlanir um varnir gegn gin- og klaufaveiki í eftirfarandi aðildarríkjum ⁽¹⁾ eru samþykktar:

Belgía

Danmörk

Þýskaland

Grikkland

Spánn

Frakkland

Írland

Ítalía

Lúxemborg

Holland (Niðurland)

Austurríki

Portúgal

Finnland

Svíþjóð

Breska konungsríkið (Norður-Írland)⁴

⁽¹⁾ Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er þennan viðauka varðar, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

II. VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Skrá yfir aðildarríki ⁽¹⁾ sem um getur í 3. gr.

Kóði	Land
AT	Austurríki
BE	Belgía
BG	Búlgaría
CY	Kýpur
CZ	Tékkland
DE	Þýskaland
DK	Danmörk
EE	Eistland
EL	Grikkland
ES	Spánn
FI	Finnland
FR	Frakkland
HU	Ungverjaland
IE	Írland
IT	Ítalía
LV	Lettland
LT	Litáen (Lietuva)
LU	Lúxemborg
MT	Malta
NL	Holland (Niðurland)
PL	Pólland
PT	Portúgal
RO	Rúmenía
SE	Svíþjóð
SI	Slóvenía
SK	Slóvakía
UK(NI)	Breska konungsríkið (Norður-Írland) [“]

(1) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópu-sambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er þennan viðauka varðar, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.